**Forstöðumannaskýrsla**

Starfsstöð: **Áhaldahús/höfn**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: október 2020

1. **Verkefni í undirbúningi:**
   - Fjárhagsáætlunargerð

2. **Verkefni í vinnslu:**
   - Fjárhagsáætlunargerð
   - Undirbúningur með vegagerðinni vegna útboðs á þekju á bryggjunni 2021
   - Grjótgarður á Borgarbraut.
   - Lagfæring á virkjunarveg vegna styrks frá vegagerðinni

3. **Verkefnum lokið:**
   - Frágangur á verki við stálþil með Vegagerðinni
   - Setja nýjar keðjur í festar á flotbryggjur.

4. **Annað**:

   Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, vigtað úr bátum. Eins eru mörg önnur smáverk.

## *Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri*

## *Október*

***Verkefni í undirbúningi:***

- Bókhald og skil á ársfjórðungaskýrslum til deildarstjóra.
- Innheimta fyrir Sorpsamlag og Hornsteina
- Afstemmingar og leiðréttingar
- Bókhald í október og vsk uppgjör

***Verkefni í vinnslu:***

- Launavinnsla í DK. Vann laun í báðum kerfum í lok apríl, borga næst úr nýju kerfi. Laun reiknuð í báðum kerfum 2-3svar til að gæta þess að kerfið sé rétt uppsett. Ég ferstaði þessu áfram þar sem mikið er um kjarasamningshækknanir og auðveldara að leiðrétta í gamla kerfinu og þetta þarf tíma. Stefni á haustið og að nýtt ár verði í DK launum. Er enn í vinnslu, fer í það eftir fjárhagsáætlunarvinnu.
- Fjárhagsáætlun 2021-2025 og vinna með sveitarstjórn og deildarstjórum.
- Stytting vinnuvikunnar hefur verið kynnt fyrir deildarstjórum og sem eru nú að kynna fyrir starfsmönnum og í framhaldinu verður gert samkomulag við þá sem er sent til viðeigandi aðila.

***Verkefnum lokið:***

- 7 mánaða uppgjör og fjárhagsleg úttekt KPMG.
- Bókhald september og laun.

## *Félagsheimili*

## *Október*

Engir viðburðir í október nema starfsemi Ozon er byrjuð og á viðburði í síðustu viku kviknaði því miður í efnisbút þegar börnin voru á hrekkjavökuskemmtun. Eldinn tókst að slökkva og allir sluppu heilir frá þessu. Það sást þarna að það er nauðsynlegt að æfa flóttaleiðir í félagsheimilinu með börnum og ungmennum og kenna á slökkvibúnaðinn og almenn viðbrögð við svona aðstæður. Eins þarf að koma reglu á að farið sé yfir slökkvibúnað eins og reglur kveða á um.

Heimilisfræðikennsla er einnig byrjuð í félagsheimilinu 2 daga í viku og munu nemendur einnig nýta félagsheimilið í neysluhlé

***Verkefni í vinnslu:***

- Hönnun inngangs i kjallara og í rými Félagsmiðstöðvarinnar Ozon, Grettir Örn byggingafulltrúi er að skoða þetta mál fyrir okkur og heppilegar leiðir. Framkvæmd næst tæplega á árinu.
- Málun á inngangi í Ozonrými í kjallaranum, náðist ekki hjá sumarfólki og bíður því Áhaldahúss
- Gólfefni á rými félagsstarfs. Talið er heppilegra að bíða með gólfefni þar sem mögulega þyrfti dúkara á svæðið til að dúkleggja í skólanum og þá er hægt að taka þetta svæði um leið.
- 2 hátalarar eru í enn viðgerð eða yfirhalningu og þegar þeirri viðgerð er lokið eiga allir 4 hátalarnir og mixerinn að vera í ágætu standi en það var komin þörf á hreinsun og viðhald.
- Yfirferð á slökkvitækjum fer í forgang á næstu dögum.

**Leikskólinn Lækjarbrekka – Grunn- og tónskólinn á Hólmavík**

**Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

**Október 2020**

Verkefni á frumstigi:

- Gera við ljósastaura. Milli skóla og kirkju, á róluvelli, við skóla og kastarar á útvegg skóla (HG, Áhaldahús)
- Leki á lofti á gangi grunnskóla. Gera þarf við hné sem er farið að leka. (HG) *Aðgerðum frestað í apríl.*
- Leki upp um gólf á bókasafni. (HG) *Aðgerðum frestað í apríl.*

Verkefni í vinnslu:

- Viðbragðsáætlanir Covid 19 (HG)
- Umbótaáætlun ytra mats grunnskóla (HG
- Starfsáætlun leikskóla. Ljúka í nóv. (HG, BÓG)
- Deildarnámskrá tónskóla. Ljúka í nóv. (HG, BÞV)
- Deildarnámskrár leikskóla. Ljúka í nóv. (HG, BÓG)
- Undirbúningur fræðslunefndar fyrir fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. (GLH)
- Velja gildi/einkunnarorð og nafn, sýn og stefnu fyrir sameinaðan skóla . (HG)
- Innra mat spurningalistar. (HG)
- Stærðfræði með augum heimsins, verkefni með styrk úr sprotasjóði. Ársverkefni með verkefnastjórn. (HG, EEM, Trappa). *Unnið í fjarfundum.*

Verkefnum lokið:

- Skipulagsdagur í október. Samstarf skólanna. (HG)
- Ráðningar og skipulag í grunnskóla (HG)

# Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: **Byggingafulltrúi**

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Grettir Örn Ásmundsson

Tímabil: Október

**Verkefni í undirbúningi:**

- Lóðarleigusamningar
- Arkitektar, tilboð
- Lóð Skeljavík
- Uppmæling
- Steinshús
- Kálfanes
- Melgraseyri – ólöglegir bústaðir

**Verkefni í vinnslu:**

- Teikningar skönnun & flokkun
- Samkomuhús, flóttaleið
- Hrófá
- Hólmavíkur kirkja
- Brunngil
- Hrófberg
- Miðtún, stofnframlag.
- Skeljavík, lóðir og skráning
- Höfðagata – Laga skráningu.

- Lækjartún - nýbygging

**Verkefnum lokið:**

- Fjarskiptamastur í djúpinu
- Sameining lóða Broddanes.

## Félagsmálastjóri, október 2020

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir

Í október voru tveir félagsmálastjórar starfandi, Guðrún Elín Benónýsdóttir og Soffía Guðrún Guðmundsdóttir sem hóf störf þann 1. október. Síðasti vinnudagur Guðrúnar var 29. október en það var mikill stuðningur fyrir Soffíu að hafa heilan mánuð með Guðrúnu þar sem starfið er mjög víðamikið og mikið sem þarf setja sig inn í.

**Helstu verkefni**

- Starfsmannamál hafa verið á dagskrá, sem endranær, þar sem nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í sumar og haust og ný verkefni að bætast við.
- Reglur vegna covid-19 halda áfram að breytast og þarf að fylgja þeim eftir og skoða hvaða áhrif þær hafa á starfsemi félagsþjónustu.
- Betri vinnutími þ.e. stytting vinnuviku skv kjarasamningum, er framundan og er byrjað að kynna hvernig standa megi að þeim málum. Hjá Félagsþjónustunni er bæði um að ræða starfsmenn í dagvinnu og vaktavinnu
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.

# Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Tómstundasvið

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Esther Ösp

Tímabil: 15.- 31. október

1. **Verkefni í undirbúningi:**
    - Starfsáætlun
    - Ungmennaþing
    - Félagsstarf eldri borgara
    - Bókavík
    - Hátíðardagskrá
    - Uppbyggingarsjóður – aðstoð og samstarf
    - Félagsstarf nýbúa/snúbúa/fólks með annað móðurmál

2. **Verkefni í vinnslu:**
    - Ný byrjun Ungmennaráðs
    - Esports mót
    - Fjárhagáætlun
    - Ráðning starfsfólks
    - Endurverkja samstarf við nágrannafélagsmiðstöðvar og samtök (Samfés og FÍÆT)
    - Samfélagsmiðlar og tengsl við fólk
    - Frístundadagatal

3. **Verkefnum lokið:**
    - Opnun Ozon
    - #Hrekkjavík
    - Hrekkjavaka í Ozon og frístund
    - Foreldramorgnar

4. **Annað**; Hóf störf um miðjan mánuðinn í 75% starfi. Skýrsan er skrifuð 6. nóvember en miðast engu að síður við mánaðarmótin. Eftir mánaðarmót var öllu snúið á hvolf með nýjum sóttvarnarreglum og allt íþrótta- og tómstundastarf óheimilt. Ákveðið var að leita nýrra leiða og er félagsmiðstöðin enn starfrækt með auknu starfi á samfélagsmiðlum, „opnum húsum“ á netinu og samstarfi við grunnskólann

**Forstöðumannaskýrsla 6. nóvember 2020**

# Íþróttamiðstöð og Tjaldsvæði

Hrafnhildur Skúladóttir

Október var fyrsti mánuður með nýju vinnufyrirkomulagi, skertri opnun og nýju vaktaplani. Í sparnaðarskyni var hálft stöðugildi skorið af með tilheyrandi tilfæringum. Ennig þurfti að loka í lok október vegna covid. Sú lokun stendur að óbreyttu til 17. nóvember. Skert opnun, klukkustund að kvöldi mán – fim og þrír tímar fyrri hluta dags um helgar hefur skilað minni aðsókn. Í okt 2019 voru komur í sund 408 en nú í október 2020, 269. 491 sundgestur í sept 2020 en þá var aukaopnun vegna leita m.a. sem eykur aðsókn.

Töluvert hefur verið af ferðafólki eða aðkomugestum í haust svo ég tel ekki að covid hafi hér afgerandi áhrif, frekar skert opnun. Minni aðsókn þýðir skertar tekjur svo ég tel eðlilegt að taka stöðuna á þessu aftur. Þessi mánuður hefur farið í að ná utan um daglegt starf svo lítið hefur strokast út af verkefnalistanum.

**Verkefni í undirbúningi:**

- Viðgerð á þakglugga
- Viðgerð á $CO_2$ kerfi, lífshættulegt ef það lekur.

**Verkefni í vinnslu:**

- Endurbætur á glerbúri í afgreiðslu í sóttvarnarskyni
- Flæðisvandamál óleyst að hluta, er í vinnslu.

**Verkefnum lokið:**

- Útiaðstöðu á tjaldsvæði hefur verið lokað. Salerni í nýja þjónustuhúsi eru þó enn opin og verða eitthvað enn þar til veður versnar til lengri tíma.
- Einni eftirlitsmyndavél var snúið svo hún tekur nú upp nýja þjónustuhús og anddyrið í Félagsheimilinu. Var það gert eftir að reynt var að kveikja í, bæði í anddyri og í þjónustuhúsi. Skólastjóri lét vita af þessum upptökum og ekki hefur borið á svona fikti eftir það.